

Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um kjarasamninga kennara.

Frá Birni Leví Gunnarssyni.

1. Hver er árlegur kostnaður af nýlegum kjarasamningum kennara, skipt eftir viðsemjendum (kjarasamningum) og skólum?
2. Hver er árleg sparnaðar- og hagræðingarkrafa hvers kjarasamnings kennara og hvernig skiptist hann eftir viðsemjendum (kjarasamningum) og skólum?
3. Hverjar eru árlegar reiknaðar launabætur og aðrar greiðslur ríkissjóðs til greiðslu kostnaðarhækkana sem í samningunum felast eftir kjarasamningum og skólum?
4. Hverjar eru ástæður þess að skólastjórnendur telja sig ekki fá þær launabætur sem kjarasamningar fela í sér að þeirra mati og hver telur ráðherra að sé ástæðan fyrir mismunandi túlkun hans og skólastjórnenda á fjárhæð bótanna?
5. Hver er mismunurinn á árlegum launabótum sem skólastjórnendur telja sig eiga að fá, skipt eftir kjarasamningum og skólum, og þeim bótum sem ríkissjóður hefur greitt þeim og mun greiða á samningstímanum?
6. Hve háum fjárhæðum nema árleg framlög til skóla- og námsþróunar, skipt eftir kjarasamningum, öðrum ákvarðandi þáttum og skólum?
7. Telur ráðherra að þær áherslur sem markaðar eru í kjarasamningum kennara séu til þess fallnar að þróa og bæta skólastarf í samræmi við menntastefnu stjórnvalda? Ef svo er ekki, hvað vantar upp á?

Skriflegt svar óskast.